Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, janúar 2014

Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 10-11. ágúst 2013

Inngangur

Snögg umskipti urðu í laxveiði milli áranna 2012 og 2013. Laxveiðin tók mikinn kipp upp á við víðast hvar nema á Austur- og Suðurlandi.
Veiðin í Laxá á Ásum fór úr 211 löxum í 1116. Mest veiddist af eins árs laxi úr sjó, ekki var að sjá að aukning hefði verið í stórlaxi, en ágiskanir voru um að smálaxinn, sem ekki skilaði sér 2012 myndi lengja dvöl sína í sjó og koma sem stórlax 2013. Svo virðist ekki hafa verið.

Áin var rannsökuð 10-11. ágúst 2013. Seiði voru veidd með rafmagni (rafveiði) til að fá yfirlit um fjölda þeirra, ástand og vöxt. Tekin voru hreisturssýni til aldursgreiningar af 11 löxum.
Rafveitt var á 3 stöðum ofan við Mánafoss og 3 stöðum fyrir neðan hann.

Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Fremur mikið vatn var í ánni en skilyrði til rafveiða þokkaleg.

Lítið fannst af urriða, 11 urriðaseiði veiddust, sjá töflu 2 og mynd 1, bls. 2.

Rafveitt var á einum stað í Fremri Laxá, um 300 m neðan við Hamrakot á frekar smágrýttum botni. Þar veiddust 13 urriðaseiði, mynd 2 bls.2, en ekki fundust þar laxaseiði.

Niðurstöður

Lax

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra laxaseiða, sem veiddust í einni yfirferð á 6 stöðvum, frá stíflu og niður undir Holt. Á öllum stöðvum, nema Laxapolli, veiddust sumargömul seiði (0+) úr hrygningu 2012 og var mjög mikið af þeim við Holt. Lítið fannst af seiðum ofan við hitaveituleiðsluna en botninn þar var sléttur, engir stórir steinar og straumur mikill.

Stöð	Nafn	Dags	Stærð	Aldur								Samtals	Þéttleiki
Nr.				0+		1+		2+		3+			Fj/100m²
			m2	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		
1	N. Stíflu	10/8	50	2	4.7	8	8.0	2	10.6			12	24
2	Laxapollur	11/8	30			5	7.3	3	8.5	12	9.8	20	67
3	Mánafoss	11/8	20	1	3.5	13	6.4	7	8.7	1	11.9	22	110
4	Neðan Krókhyls	11/8	50	6	3.9	2	7.1	4	8			12	24
5	Ofan Hitaveitu	11/8	50	1	4.0			2	8			3	6
6	Holt	11/8	50	13	3.9	19	5.8	7	7.1	1	11.4	40	80
	Samtals:		250	23	4.0	47	6.9	25	8.5	14	11.0	109	43
	Fjöldi/100m²			9		19		10		6			43


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða á stöðvum 1-6 í Laxá á Ásum 2013

Urriði

Tafla 2 sýnir fjölda urriðaseiða sem veiddust í einni yfirferð á 8 stöðvum, samtals 250 m². Engin urriðaseiði veiddust á stöðvum 3 og 5.


				Aldur				
Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		Samtals
			m²	Fj	ml	Fj	ml	
1	N. stíflu	10/8	50	2	5.0	1	9.0	3
2	Laxapollur	11/8	30			1	8.5	1
4	N. Krókhyls	11/8	60	4	5.3	1	7.8	5
6	Holt	11/8	50	2	4.5			2
	Samtals:		250	8		3		11

Tafla 2. Fjöldi veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-6.



Mynd 1. Lengdardreifing urriða á stöðvum 1-6 í Neðri Laxá.

Til samanburðar er á mynd 2 sýnd lengdardreifing urriðaseiða sem veidd voru í Fremri Laxá en þar má sjá að yngstu seiðin hafa vaxið mun hægar þar en í Neðri Laxá.




Mynd 2. Lengdardreifing urriða úr Fremri Laxá

Ástand og fjöldi laxaseiða á einstökum veiðistöðum

Stífla - Mánafoss

Mikið var af stórum seiðum á öllu þessu svæði og seiði fundust úr klaki síðasta árs.

Veitt var á tveimur stöðum á svæðinu frá Langhyl að Mánafossi og þar var þéttleiki stórra seiða, tveggja og þriggja ára, mjög mikill. Mátti segja að seiði væru þarna við hvern stein og nægði að veiða um 20-30 fermetra svæði til að fá yfirdrifið af sýnum. Botninn þarna er mjög steinóttur, kjörinn fyrir laxaseiði. Vatnsrennsli á þessu svæði er háð því hvernig virkjunin er rekin. Í lélegum vatnsárum dregur mjög úr rennsli og hugsanlega getur þetta svæði þornað á vetrum og seiðin drepist. Mjög mikilvægt er að sjá til þess að lágmarksrennsli sé í þessum hluta árinnar.



Mynd 3. Lengdardreifing laxaseiða fyrir ofan Mánafoss.



Mynd 4. Seiðin sem veiddust fyrir neðan stíflu. Laxaseiði til vinstri og 3 urriðaseiði lengst til hægri



Mynd 5. Laxaseiði úr Laxapolli. Smæstu seiðin neðst eru eins árs en hin tveggja og þriggja ára. Um helmingur stóru seiðanna eru hængar með fullþroskuð svil. Þeir munu taka þátt í hrygningu að hausti og geta af sér afkvæmi eins og rannsóknir hafa sýnt. Rétt er að benda á þetta vegna fullyrðinga Veiðimálastofnunar um að "stórlax" sé sérstakur stofn og tilmæla þeirra til veiðimanna að sleppa löxum, sem eru yfir 70 cm eða lengri. Þeir laxar hafa dvalið 2 ár í sjó áður en þeir ganga til hrygningar.




Mynd 6. Seiði sem veiddust rétt ofan við Mánafoss. Laxaseiðið lengst til vinstri er 12 cm þriggja ára gamall kynþroska hængur, en maginn var úttroðinn af vatnabobbum. Hinir eru eins og tveggja ára nema sá litli, hann er vorgamall (0+).


Frá Mánafossi að Holti

Þéttleiki seiða var eðlilegur og mikið fannst af nýklöktum seiðum. Undantekning var á stöðinni ofan við hitaveitulögnina en botn var þar sléttur og skjóllítill. Lang mest fannst af seiðum við Holt en hver aldurshópur var mun smærri en á sama tíma árið áður. Ástæðan er líklega sú hve sumarið var kalt. Kalt sumar veldur því að klakið kemur seinna upp úr mölinni og seiðin veiðast illa. Reynslan á köldu árunum áður fyrr var smæstu seiðin fóru ekki að veiðast að ráði fyrr en um miðjan september.

Samanburðurinn milli svæðanna ofan og neðan við Mánafoss svæða sýnir að mikill meirihluti væntanlegra gönguseiða 2014 er að alast upp ofan við Mánafoss.



Mynd 7. Lengdardreifing laxaseiða fyrir neðan Mánafoss.



Mynd 8. Samanburður á lengd laxaseiða við Holt árin 2012 og 1213. Allir aldurshópar voru stærri 2012. Sé lengdinni snúið í þyngd þá voru seiðin 40-50% þyngri árið 2012. Þetta skýrist af því að vorið 2013 var kalt og sumarið kom seint.




Mynd 9. Laxaseiði veidd við Holt. Hrúgan lengst til vinstri eru vorgömul seiði (0+)

Greining á laxahreistri


Lesin voru hreistur af 11 löxum, 52-67 cm að lengd. Greint var hve lengi laxarnir hefðu verið í ánni áður en þeir gengu til sjávar, og hve lengi þeir hefðu dvalið í sjó. Vöxtur fyrsta sumar í sjó var mældur út frá árhringjum í hreistri, en nýlega hefur komið fram að því betur sem laxinn vex fyrsta árið í sjó þeim mun meira skilar sér til baka aftur í ána. Vöxtur er ætistengdur og speglar sjávarskilyrðin: Gott æti, meiri vöxtur og minni afföll fara saman. Meðalvöxtur fyrsta sumars reyndist 34.5 cm. Ekki er hægt að túlka niðurstöðurnar, sýnin eru fá og enginn samanburður er til frá fyrri tíma, enda nýlega farið að reikna þetta út yfirleitt. Æskilegt væri að taka 30-40 hreisturssýni árlega, bæði af smálaxi og stórlaxi.

Ár í ánni	Fjöldi	Ár í sjó	Hængar	Hrygnur	Samtals
2	1	1	3	8	11
3	7				
4	3				
Samtals:	11		3	8	11

Tafla 3. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa úr Laxá á Ásum 2013.



Mynd 10. Vöxtur laxa fyrsta sumar í sjó.



Mynd 11. Laxveiði í Vatnsdalsá, Víðidalsá og Laxá á Ásum 1984-2013.


Laxveiðin 2013

Veiðin tók mikinn kipp upp á við frá fyrra ári, sérstaklega vestan og norðanlands. Ár í Húnavatnssýslum voru þar engin undantekning.

Mynd 11 sýnir veiðina í Vatnsdalsá, Víðidalsá og Laxá á Ásum frá 1984. Þar sést að uppsveiflan verður mest í Laxá á Ásum. Sé línuritið skoðað sést merkilega mikil fylgni laxveiði í þessum ám allt frá 1984, sem bendir til þess að sameiginlegir þættir hafi veruleg áhrif á veiði í þessum ám. Má þar nefna almennt veðurfar og skilyrði í sjó. Þannig hafa köld vor alltaf áhrif til hins verra á smálaxagöngur næsta árs. Vorið 2013 var í kaldara lagi almennt séð en síritandi hitamælir í Laxá var ekki tengdur árið 2013. Gera má ráð fyrir að laxagengd 2014 verði almennt minni en hún var 2013.

Ár	Fjöldi seiða á 100 m²				
Aldur:	0+	1+	2+	3+	Samt
00	2	4	2		9
01	9	6	5		21
02	2	4	3	1	10
03	8	7	1		16
04	9	9	3		21
05	20	5	2		27
06	14	13	3		30
07	30	11	7	1	49
08	32	9	4	1	46
09	14	16	9	1	40
10	64	13	10		88
11	41	13	7	1	62
12	16	10	4	1	31
13	9	19	10	6	43

Tafla 4. Þróun á mældum seiðaþéttleika í Laxá á Ásum frá árinu 2000.



Mynd 12. Myndræn framsetning af þróun seiðabúskapar í Laxá á Ásum frá árinu 2000.